

## **Niðurstaða úttektar á starfsemi NordVest Verðbréfa hf.**

Framkvæmd var athugun á starfsháttum NordVest Verðbréfa hf. (NVV) með heimsókn og gagnaöflun dagana 14. febrúar til 7. mars 2007. Athuginin beindist að ýmsum þáttum í rekstri NVV s.s. innra eftirliti, aðskilnaði starfssviða (“Kínamúrar”) og regluvörslu. Í kjölfar athugunarinnar rituðu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram koma athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna fresta. Voru drög að skýrslunni afhent stjórnendum NVV til yfirlstrar og voru engar athugasemdir gerðar við skýrsluna.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina og miðast hún við stöðu mála á þeim tíma sem athuginin fór fram. Á grundvelli 72. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að greina frá niðurstöðum athugana sem byggja á þeim lögum. Gagnsæisstefnan er nánar útfærð á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

### **Athugun á regluvörslu NordVest Verðbréfa hf.**

Niðurstaða athugunar á regluvörslu er sú að umgjörð um hana hafi verið ófullnægjandi.

Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við það að tilnefning regluvarðar hafi ekki verið staðfest af stjórn, að regluvörður hafi ekki haft eftirlit með að reglum um verðbréfavíðskipti hafi verið fylgt, að ekki hafi verið haldin skrá um víðskipti starfsmanna og að eigin víðskipti regluvarðar hafi ekki verið borin undir innri endurskoðanda.

### **Athugun á verklagsreglum NordVest Verðbréfa hf.**

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, ber fjármálafyrirtæki að sýna fram á að ákvæðum 6., 13. og 14. gr. laganna sé fylgt með setningu reglna sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu. Nánari leiðbeiningar er að finna í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2001.

Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við að ekki skuli vera til verklagsreglur hjá félaginu sem hafi verið staðfestar af stjórn og sendar Fjármálaeftirlitinu til staðfestingar.

Ekki var sérstaklega haldið utan um víðskipti starfsmanna og stjórnenda. Starfsmenn NVV höfðu í einhverjum tilfellum framkvæmt sjálfir eigin víðskipti. Í reglum NVV kemur fram að eigin víðskipti regluvarðar séu undir eftirliti innri endurskoðanda en því hafði ekki verið framfylgt.

Stjórnendur félagsins gerðu ekki kröfu til þess að leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um lágmarks eignarhaldstíma hlutabréfa væri fylgt enda töldu þeir tilmælin ekki bindandi. Dæmi voru jafnvel um að starfsmenn seldu hlutabréf sama dag og þau voru keypt.

Í reglum NVV kemur fram að sérkjör starfsmanna fari samkvæmt gjaldskrá en slík gjaldskrá er ekki til.

### **Athugun á aðskilnaði starfssviða (“Kínamúrar”)**

Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við að ekki var farið að lögum og reglum um aðgreiningu starfssviða og að starfsmenn störfuðu samtímis á fleiri en einu starfssviði. Þannig hafði sami starfsmaður með höndum eigin viðskipti félagsins, miðlun verðbréfa fyrir viðskiptavini, umsjón með útboði verðbréfa, fyrirtækjaráðgjöf og regluvörslu. Þá hafði annar starfsmaður með höndum miðlun verðbréfa fyrir viðskiptavini, umsjón með útboði verðbréfa og fyrirtækjaráðgjöf. Fjármálaeftirlitið telur þetta fyrirkomulag skapa augljósa hættu á hagsmunaárekstrum milli félagsins og viðskiptavina þess og fara gegn 13. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti.

Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við að ekki væri farið að reglum um aðskilnað í húsnaði. Þannig voru eigin viðskipti NVV, miðlun fyrir viðskiptavini, fyrirtækjaráðgjöf og umsjón með útboði verðbréfa staðsett í sama rýminu. Fjármálaeftirlitið telur slíkt fyrirkomulag skapa augljósa hættu á hagsmunaárekstrum milli NVV og viðskiptavina þess og fara gegn 13. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, auk leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2001.

Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við að starfssvið félagsins voru ekki aðskilin hvað varðar fjárhagslega afkomu, m.a. varðandi bónusgreiðlur forstöðumanna, sbr. 13. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti og kafla 2.0 leiðbeinandi tilmæla FME nr. 1/2001. Ekki er hægt að sjá afkomu mismunandi starfssviða í ársreikningi félagsins.